

LANGANESBYGGÐ

Byggðaráð, 42. fundur, 2. Október 2025



Sælir kæru sveitarstjórar Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Fjallabyggðar, Langanesbyggðar, Norðurlands og Þingeyjarsveitar

Meðfylgjandi er erindi embættisins um drónaverkefnið sem við kynntum fyrir ykkur á samstarfsfundum okkar í vor og þið hafið öll beðið spennt eftir.

Í erindinu er farið yfir markmið, útfærslur, stöðu verkefnisins og áætlaðan kostnað þess. Það gleður mig að upplýsa ykkur um að kostnaður við verkefnið er ekki eins hár og við ætluðum í upphafi þó einhver hluti hans sé ófyrirséður eins og alltaf í svona verkefnum. Gagnvart sveitarfélögunum eru við engu að síður að miða við einskiptis kostnað að ákveðinni fjárhæð og þess vegna vona ég að þið takið áfram jákvætt í verkefnið og fleytið því af stað með okkur. Þegar ákvörðun liggur fyrir gerum við með okkur samstarfssamning svipað og við gerum um löggæslumyndavélar þar sem þær eru þannig að fyrir liggja hver varslar myndefnið og verður eigandi vélanna þegar því lýkur osfrv.

Erindið getið þið tekið fyrir í stjórnsýslunni ykkar og við væntum þess að þið upplýsið okkur svo um afgreiðslu þess þegar hún liggur fyrir.

Nú þegar höfum við pantað sex dróna og eigum von á að fá fjóra þeirra afhenta strax í næstu viku. Þá tekur við uppsetningarfasi sem við vinnum með ykkur.

Góða helgi mín kæru

Kv. Páley

Páley Borgþórsdóttir
Lögreglustjóri
Yfirstjórn LNE

pb02@logreglan.is

**Lögreglustjórinn á
Norðurlandi eystra**
Þórunnarstræti 138
600 Akureyri

nordurland.eystra@logreglan.is
[4442800](tel:4442800)

